

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ**um bann við veiðum um páskahelgi 1989.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 18. mars 1989 til og með 27. mars 1989, er bátum sem eru minni en 10 brl. og stunda eingöngu línu- og handfæraveiðar, óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20:00 21. mars 1989 til kl. 10:00 árdegis 28. mars 1989 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.